

Lokun landamæra, aukið atvinnuleysi

Á stjórnarfundum Samtaka Atvinnurekenda á Reykjanesi þann 31. ágúst 2020 var eftirfarandi ályktun samþykkt.

Erfitt ástand er í þjóðfélaginu og í heiminum öllum um þessar mundir vegna COVID-19. Íslendingum hefur samt gengið nokkuð vel að ná tökum á faraldrinum og í raun svo vel að eftir því er tekið út fyrir landsteinana. Jafnframt hefur ríkisstjórn Íslands séð ástæðu til þess að setja af stað markaðsáttak til að kynna þann góða árangur með það að markmiði að hvetja erlenda ferðamenn til að ferðast til Íslands.

Frá upphafi faraldursins hefur sóttvarnarlæknir talað fyrir því að í raun og veru séu það Íslendingar sem eru líklegastir til þess að bera smit inn í landið. Erlendir ferðamenn séu ekki líklegir til að smita mikið, enda ekki í jafn nánum samskiptum inn í samfélagið. Jafnframt hefur sóttvarnarlæknir talað fyrir því að það sé ekki markmið út af fyrir sig að fá engin smit inn í landið, heldur getum við búist við smitum af og til á meðan faraldurinn geysar á heimsvísu.

Óhætt er því að segja að sú kúvending sem varð á stefnu stjórnvalda hvað varðar frjálsa för fólks til og frá landinu hafi komið flatt upp á marga. Ákvörðun um að loka nánast landinu með því að skylda alla í tvær skimanir og sóttkví virðist hafa verið tekin án samráðs við atvinnulífið í landinu og án þess að lagðir hafi verið fram útreikningar og rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun.

Ríkisstjórn Íslands hefði hæglega geta valið mildari útgáfu við skimun á landamærum án þess að loka fyrir flæði ferðamanna með svo íþyngjandi sóttvörnum. Til að mynda hefði verið hægt að skima alla, jafnvel tvisvar en látið duga að setja Íslendinga í sóttkví. Ef þær ráðstafanir gæfu ekki tilætlaðan árangur hefði á seinni stigum alltaf verið hægt að herða sóttvarnir í takt við þær reglur sem nú eru í gildi.

Eftir gjaldþrot WOW Air og í kjölfar COVID-19 faraldursins hefur atvinnuleysi í landinu stórauðist og einna verst er ástandið hér á Suðurnesjum eins og fréttir undanfarinna daga sýna og telur stjórn SAR að botninum sé ekki náð. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar fyrir tæpum tveimur vikum síðan, þá er fyrirséð að ferðaþjónusta í landinu kemur að mestu leyti til með að leggjast af, allavega tímabundið með auknu atvinnuleysi og kostnaði sem erfitt er að reikna til enda.

Stjórn SAR skorar á Ríkisstjórn Íslands að endurskoða þær sóttvarnarreglur sem nú gilda á landamærum án tafar til að auðvelda erlendum ferðamönnum að heimsækja Ísland og um leið takmarka efnahagsleg áhrif veirunnar.

Samþykkt á stjórnarfundum SAR 31. ágúst 2020.

Afrit sent á alla bæjarstjórnarmenn í Reykjanesbæ og þingmenn Suðurkjördæmis, auk forsætisráðherra og fjármálaráðherra.

Virðingarfyllt

Stjórn SAR.

Nánari upplýsingar veitir Guðjón Skúlason formaður SAR í síma 840-7028 eða á netfanginu gudjons@airportassociates.com